

# 145. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

145. fundur framkvæmda- og veitustjórnar, kjörtímabilið 2006-2010 haldinn fimmtudaginn 31. janúar 2008 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00

**Mætt:**

**Þorvaldur Guðmundsson, formaður, B-lista (B)**

**Margrét Magnúsdóttir, varamaður V-lista**

**Kristinn Hermannsson, varamaður S-lista**

**Snorri Finnlaugsson, nefndarmaður D-lista (D)**

**Pórunn Jóna Hauksdóttir, nefndarmaður D-lista (D)**

**Guðmundur Elíasson, framkvæmdastjóri**

**Jón Tryggvi Guðmundsson, starfsmaður**

**Unnur Edda Jónsdóttir, starfsmaður**

**Rósa Sif Jónsdóttir, starfsmaður**

Formaður bauð nýjan framkvæmdastjóra framkvæmda- og veitusviðs Guðmund Elíasson velkomin til starfa og óskuði honum velfarnaðar í starfi.

**Dagskrá:**

1. 0603049 – Rannsókn á flóðasvæði á Eyrarbakka

*Formaður kynnti fyrirhugaðan fund fyrir nefndir og bæjarstjórn sem fara á fram mánudaginn 11. febrúar kl. 20:00 um flóðarsvæði á Eyrarbakka þar sem kynnt verður skýrsla frá VGK-Hönnun.*

2. 0608007 – Umsagnir stofnana um tillögur sumarhúsaeigenda vegna sjóvarnargarðs á Stokkseyri

*Jón Tryggvi og formaður kynntu niðurstöður og tillögur Siglingamálastofnunar vegna sjóvarnargarðs.*

*Stjórn leggur til að sjóvarnagarðinum verið komið í*

*deiliskipulagsferli. Framkvæmdastjóra er falið að fylgja því eftir. Reiknað er með að kostnaður að deiliskipulaginu verði hluti af heildarkostnaði við verkið.*

3. 0708107 – Frágangur á opnum svæðum í miðkjörnum Eyrarbakka og Stokkseyrar, tillaga bæjarfulltrúa D-lista, vísað til framkvæmda- og veitustjórnar á 65. fundi bæjarráðs

*Formaður kynnti tillögur sem til eru um miðbæjarkjarna á Eyrarbakka og Stokkseyri.*

*Stjórn leggur til að öll gögn um hugsanlegan miðbæjarkjarna á Eyrarbakka og Stokkseyri verði útbúin þannig að hægt verði að nota þau á íbúafundi á stöðunum.*

4. 0801165 – Húsnæðismál að Austurvegi 67

*Formaður kynnti stöðu í húsnæðismálum að Austurvegi 67.*

*Framkvæmdastjóra var falið að fara yfir málin og koma með tillögu um uppbyggingu og leggi fyrir stjórn.*

5. 0712071 – Tillaga að breytingu á gjaldskrá Selfossveitna

*Lagt var til að hækka texta hitaveitu um 4% frá og með 1. mars 2008. Tillaga var borin undir atkvæði og samþykkt með þrem atkvæðum fulltrúa B S og V lista. Fulltrúar D lista sátu hjá.*

6. 0801164 – Undirbúningsvinna að breytingu gjaldskrár vegna heimtauga

*Jón Tryggvi kynnti tillögu að breytingu gjaldskrár vegna heimtauga. Fyrirhugað er að afnema heimlagnagjöld samkvæmt m3 bygginga og reikna út samkvæmt stærð og lengd heimtauga.*

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að móta tillögur og reglur og leggja fyrir stjórn.*

7. 0801166 – Framkvæmdalisti 2008

*Jón Tryggvi kynnti verkstöðu framkvæmda hjá framkvæmda- og*

veitusviði með samantekt sem lögð var fram á fundinum.

8. 0801167 – Aldursdreifing íbúa Árborgar

Í dag 31. janúar eru skráðir íbúar í Árborg 7.611

Á Selfossi eru skráðir 6.274

Á Eyrarbakka 608

Á Stokkseyri 563

í Sandvík 153

Óstaðsettir 13

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 18:30

Þorvaldur Guðmundsson		Margrét Magnúsdóttir
Kristinn Hermannsson		Snorri Finnlaugsson
Þórunn Jóna Hauksdóttir		Guðmundur Elíasson
Jón Tryggvi Guðmundsson		Unnur Edda Jónsdóttir
Rósa Sif Jónsdóttir		